



# **KÖNNUN Á TÖPUM Í RAFORKUKERFINU**

**Vinnunefnd um töp í raforkukerfinu:**

**Egill Skúli Ingibergsson, Rafteikning sf.  
Haukur Pálmason, Samband íslenskra rafveitna  
Jón Helgason, Rafmagnsveitur ríkisins**

**Ritari vinnunefndarinnar:**

**Ólafur Pálsson, Orkustofnun**

**OS79051/ROD18**

**Reykjavík, desember 1979**

## ÁGRIP

Seint á árinu 1977 óskaði Iðnaðarráðuneytið eftir því við Orkustofnun, að hún tæki til athugunar ráðstafanir til orkusparnaðar hér á landi. Ein aðgerð í þessu skyni væri sú, að draga úr orkutöpum í raforkudreifikerfum. Þessi töp virtust vera meiri hér á landi en víða annars staðar og meiri en eðlilegt gæti talist.

Orkustofnun beitti sér fyrir því að komið var á fót vinnunefnd sérfræðinga til að kanna þetta mál. Hlutverk hennar var:

1. Að ganga úr skugga um hver orkutöp í dreifikerfum rafveitna hér á landi eru, þegar á heildina er litið, og meta hvort þau eru í nánd við það sem eðlilegt getur talist.
2. Að meta hverjar séu helstu orsakir þess að dreifitöp eru hér meiri en hæfilegt getur talist, ef niðurstaða úr fyrsta lið verður að svo sé.
3. Að íhuga og benda á vænlegar leiðir til að draga úr töpunum."

Niðurstaða vinnunefndarinnar er að heildartap í raforkukerfinu (flutningskerfum og dreifikerfum) upp á 9,86% (vegið meðaltal áranna 1973-74-75 og 76) sé sambærilegt við hlutfallslegt tap á hinum Norðurlöndunum.

Töp í dreifikerfum í þéttbýli, að meðaltali 9,40%, eru einnig sambærileg við tölfur erlendis frá.

Heildartap í kerfi Rafmagnsveitna ríkisins var að meðaltali 11,20%. Á einstökum veitusvæðum allt upp í 30%. Þó að tapsprósenta í sveitaveitum sé víða há þá er það orkumagn sem fer forgörðum svo lítið að styrking kerfisins til minnkunnar tapa út af fyrir sig borgar sig engan veginn á meðan öflum raforku til að anna árlegri aukningu er ekki dýrari en hún er.

Vinnunefndin er þeirrar skoðunar að ekki sé ástæða til að breyta þeim aðferðum, sem notaðar hafa verið á undanförunum árum við hönnun á raforkukerfum.

<u>EFNISYFIRLIT</u>	Bls
ÁGRIP .....	3
EFNISYFIRLIT .....	5
TÖFLUSKRÁ .....	6
MYNDASKRÁ .....	6
1 INNGANGUR .....	7
2 NIÐURSTÖÐUR .....	9
3 VINNUTILHÖGUN .....	15
4 SAMANBURÐUR VIÐ NORÐURLÖND .....	17
5 SKIPTING HEILDARTAPS MILLI NOTENDAHÓPA .....	21
5.1 Stórnotkun .....	21
5.2 Bæjadreifing .....	22
5.3 Sveitadreifing .....	23
5.4 Eiginnotkun framleiðenda .....	24
6 NÁNARI SUNDURLIÐUN Á TAPI EFTIR LANDSHLUTUM OG SVEITARFÉLAGA .....	27
7 LOKAORÐ .....	55
HEIMILDASKRÁ .....	57
VIÐAUKI: Hagkvæmasti vírgildleiki .....	59

TÖFLUSKRÁ

Bls.

Tafla 1	Dreifing bókhaldslegs taps á veitusvæðum .....	12
Tafla 2	Skipting raforkuframleiðslu og raforkunotkunar 1975 og heildartaps milli notendahópa .....	19
Tafla 3	Prósentuvís skipting tapa og eiginnotkunar .....	25
Tafla 4A	Suður- og Vesturland - Raforkubúskapur 1973-1976 ..	29
Tafla 4B	Suður- og Vesturland - Raforkubúskapur 1973-1976, Rafveitur sveitarfélaga .....	33
Tafla 5	Vestfirðir - Raforkubúskapur 1973-1976 .....	37
Tafla 6A	Norðurland - Samtengt - Raforkubúskapur 1973-1976	41
Tafla 6B	Norðurland - Skeiðsfossvirkjun - Raforkubúskapur 1973-1976 .....	45
Tafla 7	Austurland - Raforkubúskapur 1973-1976 .....	49
Tafla 8	Meðaltap á árunum 1973-74-75 og 76 .....	53
Tafla 9	Orka til ráðstöfunar og sala .....	53

MYNDASKRÁ

Mynd 1	Bókhaldslegt tap hjá rafveitum sveitarfélaga .....	13
Mynd 2	Dreifing bókhaldslegs taps á veitusvæðum .....	14
Mynd 3	Samband hlutfallslegs taps og notkunarþéttleika ...	18

## 1 INNGANGUR

Í erindisbréfi nefnarinnar segir: Iðnaðarráðuneytið hefur óskað eftir því við Orkustofnun, að hún taki til athugunar ráðstafanir til orkusparnaðar hér á landi. Ein aðgerð í þessu skyni væri sú, að draga úr orkutöpum í raforkudreifikerfum. Þessi töp virðast vera meiri hér á landi en víða annars staðar og meiri en eðlilegt getur talist. Orkustofnun hefur ákveðið að beita sér fyrir því að komið verði á fót vinnunefnd sérfræðinga til að kanna þetta mál. Er gert ráð fyrir að þetta verði þriggja manna nefnd, með einum manni frá Sambandi íslenskra rafveitna; einum frá Rafmagnsveitum ríkisins og einum tilnefndum af Orkustofnun. Auk þess mun starfsmaður á Orkustofnun, Ólafur Pálsson, rafmagnsverkfræðingur, starfa með nefndinni sem ritari.

Gert er ráð fyrir að hlutverk nefndarinnar verði:

1. Að ganga úr skugga um hver orkutöp í dreifikerfum rafveitna hér á landi eru, þegar á heildina er litið, og meta hvort þau eru í nánd við það sem eðlilegt getur talist.
2. Að meta hverjar séu helstu orsakir þess að dreifitöp eru hér meiri en hæfilegt getur talist, ef niðurstaða úr fyrsta lið verður að svo sé.
3. Að íhuga og benda á vænlegar leiðir til að draga úr töpunum.

Orkustofnun hefur beðið Egil Skúla Ingibergsson, rafmagnsverkfræðing hjá Rafteikningu hf. að vera fulltrúi hennar í nefndinni, og hefur hann fallist á að taka það að sér".

Samband íslenskra rafveitna tilnefndi Hauk Pálmason og Rafmagnsveitur ríkisins Jón Helgason.

Á starfstíma sínum hefur nefndin haldið 12 fundi. Þá vinnu sem framkvæmd hefur verið (að þeim tveim dæmum undanskildum, sem Haukur Pálmason hefur reiknað) hefur Ólafur Pálsson unnið.





## 2 NIÐURSTÖÐUR

Vegið bókhaldslegt meðaltap í raforkubúskapnum árin 1973-74-75 og 76 var 9,86%. Með "bókhaldslegu" tapi í raforkubúskap er hér átt við mismun (MWh) á orku til ráðstöfunar og seldri orku. Allar prósentur eru reiknaðar af orku til ráðstöfunar.

Niðurstaða vinnunefndarinnar er að bókhaldslegt tap í raforkukerfinu, upp á 9,86%, sé sambærilegt við hlutfallslegt tap á hinum Norðurlöndunum (sjá kafla 4). Að áliti vinnunefndarinnar er á engan hátt hægt að telja heildartap í raforkukerfinu meira en eðlilegt getur talist (sjá mynd 3 um samband tapa og notkunar á ferkílómetra).

Á árinu 1975, sem valið er af handahófi, var tæpur 1/4 (23,7%) af fyrrnefndu tapi eiginnotkun framleiðanda (sjá kafla 5.4 og töflu 3, síðu 25). Flutningstap og dreifitap + eiginnotkun dreifenda verður þá 7,44%.

Heildartap í flutningskerfi Landsvirkjunar, að meðaltali 5,13%, er sambærilegt við samsvarandi aðila erlendis.

Þegar á heildina er litið eru tölur í þéttbýlissveitum, að meðaltali 9,40%, sambærileg við tölur erlendis frá. Ef tveir stærstu dreifendurnir, Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafveita Akureyrar, eru undanskildir hækkar tapsprósentan í 10,51. Í þeim hópi sem þá er eftir er geysileg dreifing á tapsprósentum frá 5 upp í 23 (sjá mynd 1).

Skrá yfir rafveitur sveitarfélaga þar sem tap er yfir 10,51%.	Meðal bókhaldslegt tap %
Rafv. Vatnsleysustrandarhrepps	23,13
Rafv. Stokkseyrar	16,56
Rafv. Grindavíkur	14,11
Rafv. Gerðahrepps	13,35 a)
Rafv. Miðneshrepps	13,34
Rafv. Borgarness	12,97
Rafv. Keflavíkur	11,74

Rafv. Reyðarfjarðar	11,29 b)
Rafv. Patrekshrepps	11,22 c)
Rafv. Siglufjarðar	10,91 d)
Rafv. Ísafjarðar	10,62 e)

a) Svo mikil stökkbreyting er milli ára, að meðaltal alls tímabilsins verður eigi notað sem mælikvarði á gæði. Árin 73 og 74 notuð við reikning á tapi.

b) Svo mikil stökkbreyting er milli ára, að meðaltal alls tímabilsins verður eigi notað sem mælikvarði á gæði. Árin 73-74 og 75 notuð við útreikning á meðaltali.

c) Þó að 1/4 þeirra orku sem þessi rafveita hefur til ráðstöfunar sé eigin framleiðsla er hún nálega öll seld Rarik og verður þess vegna engin eiginnotkun reiknuð hjá Rafv. Patrekshrepps.

d) Reiknað saman með Skeiðfossvirkjun, því um augljóst samkrull er að ræða, sjá mismun árána 73 og 74. Frá er dregin eiginnotkun vegna framleiðslu, 3% á vatn og 19,3% á olíu. Bókhaldslegt tap var 15,37%.

e) Frá er dregin eiginnotkun vegna framleiðslu, 3% á vatn og 19,3% á olíu. Bókhaldslegt tap var 13,16%.

Heildartap í kerfi Rafmagnsveitna ríkisins var að meðaltali 11,20%.

Töp á einstökum veitusvæðum eru mjög mismikil, frá tæpum 7% upp í 30%. Þar ræður mestu aldur stofnsins í veitukerfinu. Elstu stofnar eru 30 ára gamlir og voru hannaðir fyrir allt annað álag heldur en nú er lagt á kerfið. Þó að tapsprósenta í sveitaveitum sé víða há þá er það orkumagn sem fer forgörðum svo lítið að styrking kerfisins til minnkunar tapa útaf fyrir sig borgar sig engan veginn á meðan öflum raforku til að anna árlegri aukningu er ekki dýrari en hún er. Ekki er raunsætt að leggja út í dýrar framkvæmdir með þetta eina markmið í huga, nema því aðeins að ástandið sé orðið svo slæmt, að ekki sé gerlegt að halda uppi fullri spennu. Annað mál er, að þegar þarf að styrkja flutningskerfi í sveitum vegna aukinnar súgþurrkunar og fullrar rafhitunar, þá er sjálfsagt að velja hagkvæmasta vírgildleika hverju sinni og ná þannig fram lágstum árskostnaði fyrir viðkomandi línu. Markmiðið er að auka þjónustu við notendur á sem hagkvæmastan hátt, en ekki lágmarkstöp út af fyrir sig.

Vinnunefndin er þeirrar skoðunar að ekki sé ástæða til að breyta þeim aðferðum, sem notaðar hafa verið á undanförunum árum við hönnun á raforkukerfum.

Í töflum 4-7 er yfirlit yfir töp á hinum ýmsu veitusvæðum, ásamt meðaltali orku til ráðstöfunar 1973 til 1976. Bent skal á að sums staðar er innifalin eiginnotkun framleiðenda.

Mikill munur á hæstu og lægstu tölum sömu veitu getur stafað af mismunandi aflestrartíma eða bókhaldsfyrirkomulagi, þar sem seld orka = borgaðir reikningar á tilteknu tímabili.


Svo að sjá megi hvað eiginlegt tap er mikið, er nauðsynlegt að öll eiginnotkun raforkuframleiðenda, flytjenda og dreifenda sé mæld og skráð.

TAFLA 1Dreifing bókhaldslegs taps á veituvæðum

Töflu 9 er endurraðað eftir minnkandi meðaltapi. Hæstu og lægstu tölur eru fengnar úr töflum 4 til 7.

	Orka til ráðstöfunar kwst	Meðalt.	Tap % Hæst	Lægst
Rarik Þverárvæði	5268	30,63	39,38	23,89
Rarik Bakkafjörður	181	28,18	34,38	22,47
Rafv. Vatnsleysustrandarhrepps	2038	23,13	34,53	18,42
Rarik Smyrlabjargaárvæði	11355	20,99	25,82	17,17
Rarik Austurland	48048	19,73	21,24	16,82
Rarik Skeiðsfossvæði	3779	17,16	21,28	15,32
Rafv. Stokkseyrar	2608	16,56	26,74	7,64
Rarik Vestfirðir	29468	16,44	17,38	15,84
Rafv. Siglufjarðar	9780	15,37	19,24	2,84
Rarik Norðurland	89387	14,71	17,36	12,40
Rafv. Grindavíkur	9059	14,11	16,08	12,79
Rarik Vopnafirði	3663	13,52	22,29	10,26
Rarik Flatey	34	13,24	25,93	5,00
Rafv. Ísafjarðar	11144	13,16	14,70	12,61
Rafv. Borgarness	7240	12,97	19,27	8,89
Rafv. Keflavíkur	25758	11,74	14,48	10,22
Rafv. Patrekshrepps	6878	11,22	16,56	7,04
Rafv. Snæfjallahrepps	439	10,78	14,36	8,92
Rafv. Akureyrar	88075	10,29	16,25	8,15
Rafv. Njarðvíkur	9785	10,29	13,23	1,00
Rafv. Akraness	34615	9,78	10,54	9,14
Rafv. Húsavíkur	6912	9,25	11,69	7,20
Rafv. Hafnarfjarðar	43830	9,06	10,63	7,73
Rafv. Reyðarfjarðar	2581	8,81	13,58	+16,35
Rafv. Eyrarbakka	2463	8,64	11,91	5,90
Rafmv. Reykjavíkur	335514	8,47	9,79	6,63
Rafv. Hveragerðis	3032	8,24	9,44	7,26
Rafv. Selfoss	9302	7,83	8,39	6,69
Rarik S & V-land	289646	7,75	8,01	6,82
Rafv. Sauðárkróks	4841	6,75	9,78	3,83
Rarik Grímsey	262	6,67	12,68	+2,30
Rafv. Vestmannaeyja	24407	6,45	6,67	6,17
Rafv. Gerðahrepps	4089	5,06	13,53	+12,21

# Mynd I



Meðalárssala  
1973 til 1976


MWh

ORKUSTOFNUN  
Raforkudeild

Töp í raforkukerfinu  
Bókhaldslegt tap hjá rafveitum sveitarfélaga

'79.12.03  
ÓP/ÓD  
B-Ým.  
F. 18904

Mynd 2



Orka til ráðstöfunar. Meðaltal árunna 1973 til 1976

ORKUSTOFNUN  
Raforkudeild

Töp í raforkukerfinu  
Dreifing bókhaldslegstaps á veituvæðum

'79.12.03

ÓP/ÓD

B-Ým.

F. 18903

3 VINNUTILHÖGUN

Vinnunefndin ákvað strax að athugun sem þessi ætti ekki að beinast að dreifikerfunum einum, heldur raforkukerfinu sem heild. Enn fremur, að skýrgreina eðlileg töp á þann hátt að ef samræmi væri sæmilegt milli tilsvarendi notkunar héraendis og erlendis, hvað töp snerti skyldi ekki eytt frekari tíma í athugun á einstökum þáttum í þessu sambandi.

Vinnunefndin hefur farið í gegnum opinberar tölur, frá ýmsum löndum, svo sem heimildarskrá vitnar um, um framleiðslu og sölu raforku, ásamt héraendum tölum um framleiðslu, kaup og sölu raforku. Gögn um orku til ráðstöfunar, sölu og töp hjá hinum ýmsu aðilum og á hinum ýmsu svæðum á landinu eru birtar í töflum 4 til 9. Þessi gögn eru fengin úr Orkumálum, heftunum 26, 27, 28 og 29 (1974-1977).

Vegna skorts á gögnum um töp í dreifbýlisveitum erlendis var farið út í það að reikna út hagkvæmasta vírgildleika miðað við stofnkostnað og reksturskostnað. Valdar voru tvær línur er hafa notkun í ákveðnum punktum. Í stuttu máli eru niðurstöðurnar þær, að í þessum tveim tilvikum hafi verið valinn hagkvæmasti gildleiki. Niðurstöðurnar í heild eru birtar í viðauka.





#### 4 SAMANBURÐUR VIÐ NORÐURLÖND

Í ársskýrslum Nordel (sambandi rafveitna á Norðurlöndum) má lesa í töflum yfir raforkuviðskipti annars vegar og hins vegar töflum yfir raforkunotkun, að orkutap á Norðurlöndunum 5 tímabilið 1974-75-76 hafi verið 9.71% af heildarraforku til ráðstöfunar (sjá Nordel Ársberetning Tabel 6 og 10).

Nokkuð er mismunandi eftir löndum hve hlutfallslegt orkutap er mikið. Í Finnlandi 7,42%, Noregi 9,24%, Svíþjóð 9,49%, Danmörku 10,12% og á Íslandi 10,15%.


Sé athugað hvernig samband er milli hlutfallslegs taps og raforkunotkunar á ferkílómetra (notkunarþéttleika) hjá aðilum Nordel (sjá mynd 3) sést að Ísland kemur hagstætt út, og það jafnvel þó að aðeins sé reiknað með landi undir 200 metra hæðarmörkum (Í og Í200).

Af þessu sést að hlutfallslegt orkutap í raforkukerfinu er ekki teljandi meira en á hinum Norðurlöndunum, og á engan hátt er hægt að telja að heildartap í raforkukerfinu sé meira en eðlilegt getur talist. Það er merkilegt að í jafn þéttbýlu landi og Danmörku skuli vera svo mikið tap í raforkukerfinu og mikið hlutfallslegt tap miðað við notkunar þéttleika.

Athygli er vakin á því, að þær tölur sem ársskýrslurnar byggja á eru áætlaðar. Þegar ársskýrslur Nordel eru gefnar út liggja ekki fyrir tölur um endanlega sölu. Af þessu leiðir að mismunur er milli þessarar talna og talna í töflu 8, þar sem byggt er á endanlegum sölutölum. Hérlandis var tap á nefndu tímabili 9,87%.



Mynd 3



Skálínurnar eru fylgnimörk fyrir Evrópulönd 1962.  
DEFU, ELSAM-Kraftimportundersøgelsen. Tabel 22.

- D: Danmörk
- F: Finnland
- Í: Ísland (Í-200, land undir 200 metra hæðarmörkum)
- N: Noregur
- Ne: Nordel
- S: Svíþjóð

TAFLA 2 Skipting raforkuframleiðslu og raforkunotkunar 1975 og heildartaps milli notendahópa

SKIPTING RAFORKUFRAMLEIÐSLU 1975 (MWh)

Vatnsorka		
Landsvirkjun	1914867	
Laxárvirkjun	149513	
Rarík og aðrir	141255	
	<u>2205635</u>	96,1%
Olía	71522	3,1%
Jarðvarmi	18347	0,8%
	<u>2295504</u>	100,0%

SKIPTING RAFORKUNOTKUNAR 1975 (MWh)

Stórnotkun			
Álverið	1027130		
Áburðarverksmiðjan	133627		
Keflavíkflugvöllur	59577		
Sementsverksmiðjan	14916		
Kísiliðjan	8592		
Hvanneyri	1471		
	<u>1245316</u>	60,38%	
Almenn notkun			
Þéttbýli	700266	33,95%	
Sveitir	117037	5,67%	
	<u>817303</u>		
Heildarnotkun	2062619	100,0%	89,85%
Töp	<u>232885</u>		10,15%
Raforkuframleiðsla	2295504		100,00%

SKIPTING HEILDARTAPS

	% af notkun	MWh		
Vegna sölu til Álversins	3,6	36977		
" " " Áburðarv.	3,8	5078		
" " " Keflav.flugv.	11,0	6554		
" " " Sementsv.	11,0	1641		
" " " Kísiliðju	0,0	0		
" " " Hvanneyrar	11,0	162		
		<u>50412</u>	21,65%	
Vegna sölu í þéttbýli	14,0	98037	42,10%	
" " " sveitum	25,0	29259	12,56%	
Eiginnotkun framleiðenda				
2.40% af raforkuframleiðslu		<u>55177</u>	23,70%	
		232885	100,00%	



## 5 SKIPTING HEILDARTAPS MILLI NOTENDAHÓPA

### 5.1 Stórnotkun

Á árinu 1975 (ártalið valið af handahófi) voru framleiddar á Íslandi 2295504 MWh og í söluskýrslum ársins er bókuð sala á 2062619 MWh. Bókhaldslegt tap er því 10,15% af framleiðslu.

Bókhaldslegt tap skiptist í eiginlegt flutningstap, dreifingartöp og svo eiginnotkun. Um flutningstap, dreifingartöp og eiginnotkun gildir hagkvæmni stærðarinnar, því stærri sem einingin er því minna er tap eða eiginnotkun, sem hlutfall af orkumagni. Eiginnotkun er svo til eingöngu húshitun, og víða er eiginnotkun framleiðanda allverulegur hluti af bókhaldslegum töpum í raforkukerfinu. Þetta á sérstaklega við úti á landi, þar sem margar og smáar framleiðslueiningar eru.

Reynt verður eftir þeim gögnum, sem tiltæk eru, að ákveða skiptingu heildartaps milli notendahópa, svo sem stórnotenda og almennrar notkunar í þéttbýli eða dreifbýli (sjá töflu 2). Einnig hefur verið gerð tilraun til að skipta eiginnotkun milli mismunandi framleiðsluþátta.

Skipting heildartaps milli notenda hópa er mjög mismunandi og veldur því ólík afhending. Raforka til stórnotenda fer ekki um jafn mörg stig flutnings og dreifingar eins og til almennra nota.

Stórnotendur, (Álverið, Áburðarverksmiðjan, Keflavíkurflugvöllur, Sementsverksmiðjan, Kísiliðjan og Hvanneyri) notuðu á árinu 1975 60,4% af raforkunni á Íslandi. Í opinberum skýrslum er Hvanneyri talin með stórnotendum vegna þess að Andakílsárvirkjun selur beint til Hvanneyrar, og er það til endanlegra nota. Hjá stórnotendum munar mest um Álverið, sem er tengt beint inn á 220 kV flutningskerfi Landsvirkjunar. Árið 1975 var tap í kerfi Landsvirkjunar 5,30%, þar af u.þ.b. 1,8% eiginnotkun. Í samsvarandi flutningskerfi í Noregi (Sentralnettet for samkjöringskraft) var árið 1975 3,62% tap (sjá Samkjöringen av kraftverkerne i Norge,

Ársberetning 1976, Figur 4.1.1). Í samsvarandi flutningskerfi í Svíþjóð (Vattenfalls stamnät) var tapið 7,58% rekstrarárið 1974/75 (sjá Statens Vattenfallsverks ársredovisning 74/75, Tabell: Vattenfalls elleveranser). Stofnlínur í neti Vattenfalls eru miklu lengri en í norska netinu og er því augljóst að flutningstöp verða meiri. Ekki er óeðlilegt að tap í stofnneti Vattenfalls sé helmingi meira en í sentralnetinu norska. Miðað við þessa erlendu aðila er eðlilegt að flutningstap í kerfi Landsvirkjunar sé 3,5% og eiginnotkun 1,8% (t.d. vegna Sigölduframkvæmda og dælingar á framburði). Flutningstap reiknað af seldri orku verður 3,6%.

Áburðarverksmiðjan, næststærsti raforkunotandinn, er tengd inn á 33 kV kerfi. Raforka til Áburðarverksmiðjunnar þarf að fara um tvo spennu og eru töp metin 3,6 til 4% af notkun hennar. Í töflum hér er reiknað með 3,8%.

Keflavíkurflugvöllur er tengdur inn á 66 kV línuna, sem flytur raforku til Suðurnesja. Sementsverksmiðjan er tengd inn á 6.6 kV bæjarkerfið á Akranesi. Rafveita Akraness selur Semensverksmiðjunni raforku. Engar tölur eru fyrir hendi um tap vegna sölu til þessarra aðila og er því álitamál hversu háa prósentu velja skuli. Hæfilegt hefur þótt að velja 11% af notkun.

Þar sem Kísiliðjan er á framleiðslustað verður ekkert tap þar. Á árinu 1975 framleiddi jarðvarmastöðin við Námafjall ríflega tvisvar sinnum meira en Kísiliðjan notaði. Í þau skipti sem stöðin var ekki starfandi varð áberandi spennulökkun í Mývatnssveit, vegna yfirlestunar á línunni frá Laxárvirkjun.

Við stórnotkun, sem er 60,38% af heildarnotkun, verður 21,7% af heildartapi í raforkukerfinu.

## 5.2 Bæjardreifing

Notkun í þéttbýli var 700266 MWh eða 34% af heildarnotkun. Tap vegna raforkunotkunar í þéttbýli skiptist í tvennt, dreifingartap í kerfum

smásölu aðila (innifalið í því er eiginnotkun dreifanda) og flutnings-  
tap heildsöluaðila (eiginlegt flutningstap).

Tap í dreifikerfum í þéttbýli var að meðaltali 9,4% (vegið meðaltal)  
yfir 4 ára tímabil, 1973 til og með 1976 (frá 5% upp í 23%). Mestu  
munar um Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem selur helming þeirrar raforku  
sem notuð er í þéttbýli. Meðaltap í Reykjavík á árunum 1973 til 1976  
var 8,5%. Aðrir stórir þéttbýlisstaðir eru með 1 til 2ja prósentustiga  
meira tap. Séu lögð saman tölur hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og flutn-  
ingstap í kerfi Landsvirkjunar gerir það 14% tap reiknað af notkun.  
Þessi tala 14% er síðan notuð til að reikna hlutdeild þéttbýlis í heildar-  
tölum.

Við notkun í þéttbýli, sem er 33,9% af heildarnotkun, verður 41,8% af  
heildartapi í rafokrukerfinu.

### 5.3 Sveitadreifing

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um raforkudreifingu í dreifbýli og 1975  
voru þar notaðar 117037 MWh eða 5,7% af heildarnotkun. Sömu athugasemdir  
gilda um skiptingu taps í eiginlegt flutningstap og eiginnotkun, eins  
og um tap vegna notkunar í þéttbýli. Í dreifbýli eru tölur almennt  
af allt annarri stærðargráðu en í þéttbýli, 13 til 30% í stað 5 til 23%.  
Ástæður eru þær að þegar sveitarafvæðingin fór fram fyrir 30 árum voru  
álagsforsendur, sem flutningskerfið var hannað fyrir, almenn lýsing  
og húshald. Síðan hefur bætst við þetta rafhitun og súgburnkun auk meiri  
notkunar við heimilishald og almenna lýsingu. En sjálft flutningskerfið  
er óbreytt.

Uppsveitir Árnessýslu að vestan eru dæmi er sýna hvernig ástandið er  
sums staðar orðið. Svæðið fær raforku um 11 kV úttak á Ljósafossi. Á  
svæðinu er eiginnotkun dreifanda engin. Samkvæmt söluskýrslum var  
orkutap á þessu svæði á tímabilinu 12. ágúst 1976 til 29. september 1977  
26% af keyptri orku. Útreiknað afltap var 39% (notuð var  
dönsk reynsluformúla).

Meðaltap í dreifbýli árin 1973-74-75 og 76 er frá 13 upp í 30%, reiknað af orku til ráðstöfunar (sölu). Þar sem "statistikk" er ekki nægileg hefur verið valið að reikna með 20% af orku til ráðstöfunar (25% tap miðað við notkun).

Við sveitanotkun, sem er 5,67% af heildarraforkunotkun, verður 12,6% af heildartapi í raforkukerfinu.

#### 5.4 Eiginnotkun framleiðenda

Afgangurinn af heildartapi 55.177 MWh er dregin saman í eiginnotkun raforkuframleiðenda og reiknast hún vera 2,40% af framleiðslu. Eins og fyrr er nefnt skiptast tölur í eiginlegt flutningstap, dreifingartölur og svo eiginnotkun. Eiginnotkun er svo til eingöngu húshitun og víða er eiginnotkun framleiðanda allverulegur hluti af bókhaldslegum tölum í raforkukerfinu. Þetta á sérstaklega við úti á landi, þar sem margar og smáar framleiðslueiningar eru.

Stærsti hlutinn af eiginnotkun er, af augljósum ástæðum, hjá Landsvirkjun. Landsvirkjun framleiddi á árinu 1975 1.914.867 MWh eða 83,4% af heildarframleiðslu á landinu. Tap í kerfi Landsvirkjunar var 5,30% árið 1975. Miðað við að flutningstap sé 3,5% verður eiginnotkun 1,8%, það er 34468 MWh eða 63% af samanlagðri eiginnotkun raforkuframleiðenda.

Laxárvirkjun framleiddi á árinu 1975 179.523 MWh, þar af voru 149.513 MWh unnar úr vatnsorku. Reiknað er með sömu eiginnotkunar prósentu og hjá Landsvirkjun, 1,8%. Eiginnotkun vegna vatnsaflsnýtingar verður 2691 MWh.

Afganginn af raforkunni úr vatnsorku, 141.255 MWh, framleiddur ýmsir aðilar í mörgum og smáum virkjunum. Svo tekið sé dæmi er uppsett hitunarafl við Mjólkárvirkjun 150 kW og hitunarkerfið notar 600 MWh. Árið 1975 voru þessar 600 MWh 3,3% af framleiðslu virkjunarinnar og 1/12 eða 8% af raforkutölum á Vestfjörðum. Sé reiknað með 3% hjá þessum smáum vatnsaflsvirkjunum, verður eiginnotkun þeirra 4.328 MWh.



Jarðvarmastöðin við Námafjall, sem framleiddi 18.347 MWh á árinu 1975, hefur næga hitaorku og þarf þess vegna enga raforku til húshitunar. Til að drífa viftu og aðra hluti fer brot úr % af framleiðslu stöðvarinnar. Eiginnotkun verður því 0 MWh.

Raforkuvinnsla með olíu var á árinu 1975 71.522 MWh. Samanlögð eiginnotkun í þessari grein verður 13.780 MWh eða 19.3% af framleiðslu. Í þessari hlutfallslega mjög háu tölu er orka til húshitunar auk orku er notuð er til að drífa kælikerfi vélanna.

TAFLA 3 Prósentvís skipting tapa og eiginnotkunnar

SKIPTING TAPA

	Notkun	Töp	Heildartap
Stórnotkun	60,38 %	28,37 %	21,65 %
Bæjarnotkun	33,95 %	55,17 %	42,10 %
Sveitanotkun	5,67 %	16,46 %	12,56 %
	<u>100,00 %</u>	<u>100,00 %</u>	<u>76,31 %</u>
		Eiginnotkun	23,70 %
			<u>100,01 %</u>

SKIPTING EIGINNOTKUNAR

	Framleiðsla	Samalögð eiginnotkun
Landsvirkjun	83,4 %	63,0 %
Laxárvirkjun	6,5 %	4,9 %
Rarík og aðrir	6,2 %	7,8 %
	<u>96,1 %</u>	<u>75,7 %</u>
Olía	3,1 %	24,3 %
Jarðvarmi	0,3 %	0,0 %
	<u>100,0 %</u>	<u>100,0 %</u>



6 NÁNARI SUNDURLIÐUN Á TAPI EFTIR LANDSHLUTUM OG SVEITARFÉLÖGUM

Töflur 4A of B sýna raforkubúskap á Suður- og Vesturlandi árin 1973-74-75 og 76. Tafla 4A sýnir búskap framleiðslufyrirtækja, og tafla 4B sýnir búskap einstakra rafveitna. Talnalegur samanburður er byggður á skýrslum veitna.

Tölurnar um töp hjá framleiðslufyrirtækjum, gefa ekki tilefni til mikilla athugasemda, nema helst Andakílsárvirkjun, en þar eru töp allt niður í 1,1% og mest 3,93%. Spyrja má hvort þetta sé það, sem framleiðslufyrirtæki geta og eiga að stefna að? Svarið verður að þarna sé um sérstaka aðstöðu að ræða, sem Andakílsárvirkjun hefur nýtt sér, en aðrir orkuframleiðendur hafa ekki aðstöðu til, sem sé, lítil stöð inni á stóru neti, sem getur leyft sér að halda  $\cos(\phi)$  á framleiðslunni sem næst 1,0 að staðaldri, auk þess að kaupendur eru allir mjög nálægt framleiðslustað.

Tafla 4B sýnir orkubúskap einstakra veitna árin 1973-74-75 og 1976. Lítið yfir heildina eru hlutfallslegar tapstölur áþekkar, þó að veruleg stökk komi hjá einstaka veitum sum árin, þetta mun sennilega helst verða skýrt með tilfærslu á mælingu í tíma. Frávikin frá meðaltali (8,19-8,78%) eru mest hjá litlu veitunum, eins og Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps, sem er með mest töp upp á 23,92; 29,50 og 29,89%, sem virðist nánast benda til að eitthvað sé um ómælda orku, þá eru töpin og nokkuð jafnhá hjá Rafveitu Grindavíkur eða 16,08; 13,77; 14,13; 12,79%, og svo hjá Rafveitu Stokkseyrar tvö seinni árin 26,74; 18,47%. Ekki hefur verið leitað skýringa á þessu sérstaklega.

Tafla 5 sýnir raforkubúskap Vestfjarða árinu 1973-74-75 og 1976. Tölurnar um töp eru verulega hærri en á Suður- og Vesturlandi, en frávik milli ára lítil, nema á Patreksfirði 1974 og 1975 16,56% og 7,04% en hin árin 13,41% og 10,16%. Tilfærsla á mælingartímabili orkukaupa og orkusölu geta skýrt sveiflur milli ára í töpum, en ekki mikil töp mörg ár í röð. Sennilegt er að þarna hafi orka fluttst milli ára. Það að tapsprósentan á Vestfjörðum er 15,93; 17,38; 16,78 og 15,84%, sem er allverulega

meira en á Suður- og Vesturlandi, skýrist vafalaust að mestu af, að orkumagnið er ekki mikið og af því fer verulegt magn í ómælda orku í mörgum smáum orkuverum og dreifðum spennistöðvum, auk þess sem línur eru nokkuð langar, t.d. Mjólka-Ísafjörður. Flutningslínur voru þessi ár reknar á 30 kV, sem einnig stuðlar að miklu tapi þegar línur eru orðnar lestaðar.

Töflur 6A og 6B sýna raforkubúskap á Norðurlandi árin 1973-74-75 og 1976. Orkutöp Laxárvirkjunar eru mjög jöfn, að þau eru hærri en töp hjá Landsvirkjun byggist vafalaust á lakari flutningslínunum. Tapsprósenta hjá Rarik á Norðurlandi sýnir greinilega áhrif samtengingar. 1973 og 74 var tapið 16,79% og 17,36%, sem er verulega herra en árin 1975 og 76, 13,18% og 12,40%. Rafveita Akureyrar er með 8,2-8,8% töp samanborið við Reykjavík 6,6-9,8%. Töpin hjá Rafveitu Siglufjarðar 17,4-19,2% virðast há, skýringin er gamalt kerfi, samanber Rafveitu Ísafjarðar með 12,8-14,7%, en þau kerfi eru mjög sambærileg.

Tafla 7 fyrir raforkubúskap á Austurlandi, sýnir að töp í kerfi Rariks, sem er langstærst, eru 16,82-19,90-21,20-20,20%, sem er mun herra en t.d. á Vestfjörðum, 15,80-14,40%. Skýring er sennilega margar framleiðslueiningar og víðáttumikið kerfi.

TAFLA 4A Suður- og Vesturland - Raforkubúskapur 1973-1976

4 A-1:1973

Framleiðsla (MWh)	Orka til ráðstöfunar (MWh)	Heildarsala (MWh)	%Tap
Landsvirkjun (Lv)			
Vatnsafl 1963237	Eigin framl. 1967442	Áburðarverksm. 137091	
Olía 4205		Alverið 1172455	
1967442		Rafv. Hafnarfj. 42254	
		Rafmv. Reykjav. 312478	
		Rafmv. ríkisins 202594	
		1866872	5,11
Andakílsárverkjun (Av)			
Vatnsafl 28930	Eigin framl. 28930	Rafv. Akraness 31740	
	Innkaup Rarik 20756	Rafv. Borgarness 6669	
		Hvanneyri 1396	
		Rafmv. ríkisins 7929	
		47734	3,93
Rafmv. ríkisins (Rarik)			
Vatnsafl 8450	Eigin framl. 18683	Keflavíkurfl. 60578	
Olía 10233	Innkaup Lv 202594	Andakílsárv. 20348	
	Av 7929	Rafveitur sveitarfj. 69006	
		Eigin smásala 60925	
		210857	8,01
Rafmv. Reykjavíkur			
Vatnsafl 406	Eigin framl. 406	Smásala 284883	
	Innkaup Lv 312478	284883	8,95
Rafv. Vestmannaeyja			
Olía 4030	Eigin framl. 4030	Smásala 7500 x)	
	Innkaup Rarik 4831		
		8861	

x) áætlað

4A-2: 1974

Framleiðsla (MWh)	Orka til ráðstöfunar (MWh)	Heildarsala (MWh)	%Tap
Landsvirkjun (Lv)			
Vatnsafl	1995350		
Olía	7252		
	<u>2002602</u>		
	Eigin framl.	2002602	
		<u>2002602</u>	5,00
Andakílsársvirkjun (Av)			
Vatnsafl	26896		
	Eigin framl.	26896	
	Innkaup Rarík	26277	
		<u>53173</u>	2,51
Rafmv. ríkisins (Rarík)			
Vatnsafl	8087		
Olía	14263		
	<u>22350</u>		
	Eigin framl.	22350	
	Innkaup Lv	231766	
	Av	9610	
		<u>263720</u>	
Rafmv. Reykjavíkur			
Vatnsafl	498		
	Eigin framl.	498	
	Innkaup Lv	325143	
		<u>325641</u>	
Rafv. Vestmannaeyja			
Olía	3013		
	Eigin framl.	3013	
	Innkaup Rarík	14577	
		<u>17590</u>	
	Smásala	11880	
		<u>11880</u>	32 46 <sup>x)</sup>

x) Óraunhæf stærð vegna  
atburða fyrra árs

4A-3: 1975

Framleiðsla (MWh)	Orka til ráðstöfunar (MWh)	Heildarsala (MWh)	%Tap
Landsvirkjun (Lv)			
Vatnsafl 1911404	Eigin framl. 1914867	Áburðarverksm. 133627	
Olía 3463		Álverið 1027130	
1914867	1914867	Rafv. Hafnarfj. 45336	
		Rafmv. Reykjav. 342371	
		Rafmv. ríkisins 264976	5,30
		1813440	
Andakílsárvirkjun (Av)			
Vatnsafl 35856	Eigin framl. 35856	Rafv. Akraness 36082	
	Innkaup Rarík 34881	Rafv. Borgarness 7266	
		Hvanneyri 1474	
	70737	Rafmv. ríkisins 25134	
		69956	1,10
Rafmv. ríkisins (Rarík)			
Vatnsafl 7157	Eigin framl. 14994	Keflavíkurfl. 59577	
Olía 7837	Innkaup Lv 264976	Andakílsárv. 34881	
14994	Av 25134	Rafveitursveitarf. 96850	
		Eigin smásala 89377	
	305104	280685	8,00
Rafmv. Reykjavíkur			
Vatnsafl 1165	Eigin framl. 1165		
	Innkaup Lv 342371	Smásala 319662	
	343536	319662	6,63
Rafv. Vestmannaeyja			
Olía 1558	Eigin framl. 1558		
	Innkaup Rarík 21560	Smásala 21554	
	23118	21554	6,67

4A-4: 1976

Framleiðsla (MWh) Orka til ráðstöfunar (MWh) Heildarsala (MWh) %Tap

Landsvirkjun (Lv)  
 Vatnsafl 2016796  
 Olía 192  
 2016988

Eigin framl. 2016988

Aburðarverksm. 137231  
 Alverið 1067854  
 Rafv. Hafnarfj. 44392  
 Rafmv. Reykjav. 358654  
 Rafmv. ríkisins 305383  
 1913604

5,13

Andakílsárvirkjun (Av)  
 Vatnsafl 38045

Eigin framl. 38045  
 Innkaup Rarik 55767

Rafv. Akraness 36495  
 Rafv. Borgarness 8284  
 Hvanneyri 1675  
 Rafmv. ríkisins 45541  
 91995

1,94

Rafmv. ríkisins (Rarik)  
 Vatnsafl 7170  
 Olía 1461  
 8631

Eigin framl. 8631  
 Innkaup Lv 305383  
 Av 45541

Keflavíkurfli. 61425  
 Andakílsárv. 55767  
 Rafv. sveitarf. 102736  
 Eigin smásala 102928 + 8697 flutt norður og  
 331553

7,79 vestur

Rafmv. Reykjavíkur  
 Vatnsafl 1340

Eigin framl. 1340  
 Innkaup Lv 358654  
 359994

Smásala 330496  
 330496

8,19

Rafv. Vestmannaeyja  
 Olía 1975

Eigin framl. 1975  
 Innkaup Rarik 23720  
 25695

Smásala 24110  
 24110

6,17



TAFLA 4B Suður- og Vesturland - Raforkubúskapur 1973-1976 - Rafveitur sveitarfélaga

4B-1: 1973

Framleiðsla (MWh)	Orka til ráðstöfunar (MWh)	Heildarsala (MWh)	%Tap
<u>Rafveitur sveitarfélaga</u>			
Rafv. Hafnarfjarðar	42254	38300	9,36
Rafmv. Reykjavíkur	312884	284883 x)	8,95
Rafv. Vestmannaeyja	8861	7500	-
Rafv. Hveragerðis	3064	2795	8,78
Rafv. Selfoss	8220	7530	8,39
Rafv. Eyrarbakka	2317	2041	11,91
Rafv. Stokkseyrar	2167	1930	10,94
Rafv. Grindavíkur	8005	6718	16,08
Rafv. Miðneshrepps	4193	3765	10,21
Rafv. Gerðahrepps	3225	2802	13,12
Rafv. Keflavíkur	22427	19179	14,48
Rafv. Njaróvíkur	8843	8754	1,00
Rafv. Vatnsleysustrandarhr.	1714	1307	23,92
Rafv. Akraness	31740	28777	9,34
Rafv. Borgarness	6669	5384	19,27
Rafv. sveitafélaga	466583	421665	9,63

Heildarframleiðsla

2019490

Endanleg sala

1854110

8 19

x) áætlað

4B-2: 1974

Framleiðsla (MWh)	Orka til ráðstöfunar (MWh)	Heildarsala (MWh)	%Tap
<u>Rafveitur sveitarfélaga</u>			
Rafv. Hafnarfjarðar	43337	39605	8,61
Rafmv. Reykjavíkur	325641	293308	9,79
Rafv. Vestmannaeyja	17590	11880	(32,46)
Rafv. Hveragerðis	3140	2907	7,42
Rafv. Selfoss	9284	8663	6,69
Rafv. Eyrarbakka	2434	2250	7,56
Rafv. Stokkseyrar	2512	2320	7,64
Rafv. Grindavíkur	9070	7821	13,77
Rafv. Miðneshrepps	4189	3840	8,33
Rafv. Garðahrepps	3990	3450	13,53
Rafv. Keflavíkur	25035	22477	10,22
